

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

47

20. ágúst

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á vörum.**

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

**G j ö r u m k u n n u g t:** Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að sökum yfirvofandi ófriðarhættu sé þörf á heimild handa ríkisstjórninni til að banna útflutning á vörum. Verðum Vér að telja brýna nauðsyn til þess að setja bráðabirgðalög um þetta samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að banna að flytja út úr landinu vörur, sem hún telur nauðsynlegar. Ennfremur að upphefja áður veitt leyfi til útflutnings á þeim vörum, sem sérstakt leyfi ríkisstjórnarinnar hefir þurft til þess að flytja út.

**2. gr.**

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða annara ákvæða, sem sett kunna að verða, varða sektum allt að 100000 krónum, og skal farið með mál út af þeim eins og almenn lögreglumál.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á konungsskipinu „Dannebrog“ í Kaupmannahöfn, 29. ágúst 1939.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*